

1990 nr. 57 16. maí

Lög um flokkun og mat á gærum og ull

I. kaffli. Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.

Flokkun gæra.

■ **1. gr.** Allar gærur, sem selja á, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar útreikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 405/1986.

Meðferð og sölumat gæra.

■ **2. gr.** Sláturleyfishöfum er skyldt að hlíta fyrirmælum gærumsmaðranna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumsmaður skal yfirfara gærur við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um meðferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

II. kaffli. Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.

Mat á óþveginni ull.

■ **3. gr.** Öll óþveginni ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

□ Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúðum og er kaupanda eða umboðsaðila skyldt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

Mat á þveginni ull.

■ **4. gr.** Öll þveginni ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

III. kaffli. Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.

Löggilding matsmanna gæra og ullar.

■ **5. gr.** Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og sölu-aðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat

samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

□ Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærur og ull, er skyldt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

Yfirmat á gærum og ull.

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af [Bændasamtökum Íslands],¹⁾ annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, t.d. með því að hafa áður starfað að ullarmati.

□ Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skyldt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

□ Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði²⁾ um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna, eftirlitsmanna skv. 3. mgr. og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

¹⁾ L. 73/1996, 24. gr. ²⁾ Rg. 410/1990, sbr. 601/1996.

IV. kaffli. Ýmis ákvæði.

Kostnaður.

■ **7. gr.** Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda og eftirlitsmanns ullar greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

□ [Um gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 30/1966,¹⁾ um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.]²⁾

¹⁾ Nú l. 96/1997. ²⁾ L. 140/1996, 7. gr.

Refsiákvæði, gildistaka.

■ **8. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. . . .